

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN BLÁA LÓNSINS

GEGN KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI, KYNBUNDINNI ÁREITNI, EINELTI OG OFBELDI

STEFNA

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, einelti og ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimil af hálfu starfsfólks og stjórnenda Bláa Lónsins og bönnuð í allri starfsemi fyrirtækisins.

Bláa Lónið mun ekki, undir neinum kringumstæðum, umbera einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi.

Það gildir um hegðun í hvaða vinnusamhengi sem er, þar á meðal; félagslega viðburði, ferðir á vegum Bláa Lónsins, þjálfun, ráðstefnur styrktar af fyrirtækinu og á milli vinnufélaga utan vinnu.

TILGANGUR

Tilgangur þessarar áætlunar er að tryggja rétt allra starfsmanna, sem og annarra sem starfa fyrir eða í þágu Bláa Lónsins, til þess að geta stundað vinnu og sinnt verkefnum sínum í heilbrigðu vinnuumhverfi.

Tilgangurinn er einnig að tryggja að úrræði séu til staðar fyrir starfsmenn sem telja að á sér hafi verið brotið.



SKILGREINING:

Einelti

Siendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynferðisleg áreitni

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundin áreitni

Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Ofbeldi

Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Á meðan á málsmeðferð stendur ber að notast við hugtökin „meintur þolandi“ og „meintur gerandi“.

EINELTIS- OG ÁREITNISTEYMI SKIPA:

Sigrún Halldórsdóttir (formaður)

Kolbrún Magnúsdóttir

Guðrún Lía Sigurðardóttir

Ægir Viktorsson

EINELTIS- OG ÁREITNISTEYMI

Bláa Lónið hefur skipað eineltis- og áreitnisteymi.

Formaður teymisins er yfirmaður mannauðsmála. Einstaklingar innan teymisins hafa þekkingu og reynslu í mannauðstengdum málefnum.

Hlutverk teymisins er að skoða og meta þau mál sem til þeirra er beint, veita ráðgjöf og rannsaka einstök mál eftir því sem við á.

Formaður teymisins sem og aðrir aðilar innan teymisins sýna öllum meintum málsaðilum fullan trúnað, veita fullan stuðning og skoða eðli og atvik máls vel.

TILKYNNINGAR

Hver sá sem verður fyrir eða verður vitni að einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi skal, ef unnt er, upplýsa meintan geranda um að hegðunin sé móðgandi, óviðunandi og óvelkomin og þurfi að taka enda án tafar.

Viðkomandi er eindregið hvattur til að snúa sér með tilkynningu um brot til formanns eineltis- og áreitnisteymisins eða að öðrum kosti til annarra aðila innan teymisins.

Viðkomandi getur einnig snúið sér til næsta yfirmanns eða hvers þess innan Bláa Lónsins sem hann ber traust til. Hafi einhver starfsmaður eða stjórnandi innan Bláa Lónsins rökstuddan grun eða vitneskju um brot á öðrum einstaklingi, skal viðkomandi snúa sér með tilkynningu um brot til formanns eineltis- og áreitnisteymisins eða til annarra aðila innan teymisins.

FERLI VIÐBRAGÐA / AÐGERÐA

Áreitnis- og eineltisteymið tekur við tilkynningum um brot, rannsakar mál sem til þess berast, gætir jafnræðis og meðalhófs og skilar af sér niðurstöðu eins fljótt sem verða má. Við tilkynningu þá mun aðili innan teymisins bjóða þeim sem tilkynnir brotið í samtal.

Berist tilkynningin frá þriðja aðila mun aðili innan teymisins bjóða þeim aðila sem talið er að brotið var gegn í samtal og kanna afstöðu hans til tilkynningarinnar.

Teymið kallar eftir utanaðkomandi ráðgjöf eftir því sem við á hjá fagaðila sem hefur fagþekkingu og reynslu í meðferð slíkra mála.

Þær aðgerðir sem gripið er til í ferli máls eru í samráði við þann aðila sem brotið er gegn samkvæmt tilkynningu.